

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. september 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-100/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaup vegna galla sem hann segir hafa verið á bifreiðinni A sem hann hafi keypt af fyrirtækinu Y. 11. september 2008. Tímareimin hafi slitnað og gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi taki þátt í kostnaði af viðgerð sem af því leiddi, a.m.k. að hálfu á móti sér, en kostnaðurinn nemi kr. 246.433.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 18. ágúst. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 13. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Fram kemur í kaupsamningi og afsali, dags. 11. september 2008, fyrir bifreiðinni A að hún sé af gerðinni, ekin 110.000 km og að fyrsti skráningardagur sé 17. maí 2001. Kaupverðið er kr. 250.000. Þá er sagt að ný tímareim hafi verið sett í bifreiðina í maí 2007 en þá hafi verið búið að aka henni 101.000 km.

Í álitsbeiðni segir m.a.:

„Þann 21. maí 2010 slitnaði tímareimin í bílnum og braut og beyglaði ventla og ventlastýringar. Þá var búið að aka bílnum tæplega 122 þús. km. Ég hafði samband við Z, þjónustufulltrúa hjá Y, og fór fram á að þeir greiddu kostnaðinn við viðgerðina því það væri mjög óeðlilegt að tímareim entist ekki nema 21 þús. km og það hefði verið forsenda mín fyrir að kaupa þennan bíl að það væri nýlega búið að skipta um tímareim. Z svaraði því til að þeir bæru enga ábyrgð á þessu, þeir hefðu ekki framkvæmt þessa viðgerð og að það væru liðin 3 ár frá því að skipt hefði verið um tímareim og það stæði í handbók bílsins að skipta ætti um tímareim á þriggja ára fresti eða eftir 60 þús. km. Ég sagði Z að engin handbók hefði fylgt bílnum, aðeins smurbók og að þau á bílasölunni hefðu sagt mér aðspurð að það ætti að skipta um tímareim eftir 60 þús. km., en að þau hefði ekki talað um þrjú ár. Einnig sagði ég honum að umdeilanlegt væri hvort liðin væru þrjú ár. Þetta breytti engu um hans viðhorf. Ég er búinn að láta gera við bílinn og kostnaður við það er kr. 246.433 sbr. ljósrit af reikningi. Krafa mín er sú að Y taki þátt í þessum kostnaði a.m.k. að hálfu á móti mér. Rökstuðningur fyrir því er að það sé mjög óeðlilegt að tímareim endist aðeins í 21 þús. km og u.þ.b. í þrjú ár. Þessi lélega ending á tímareim er leyndur galli sem Y ber ábyrgð á. Engu skiptir þótt þeir hafi ekki sjálfir skipt um tímareimina. Þeir seldu mér bílinn, auglýstu að það væri nýlega búið að skipta um tímareim, sem einnig kemur fram í afsali. Í ljósi þess að tímareimin slitnaði eftir svo

lítinn akstur eftir ætluð skipti vakna grunsemdir um að skiptin hafi ekki átt sér stað á tilteknum tíma. Í smurbók bílsins kemur fram að skipt hafi verið um tímareim og fleira gert, þessi innfærsla er ekki dagsett og enginn sem kvittar uppá. Ég hafði engar forsendur til þess á sínum tíma að efast um réttmæti þess að skipt hefði verið um tímareim eins og tekið var fram í sölulýsingu og afsali. Ég treysti því að þegar ég keypti bíl af virtu fyrirtæki að þá stæðist það sem tekið væri fram um bílinn. [...] Það skal tekið fram að ég bý á Akureyri og bíllinn bilaði á Akureyri og því var gert við hann á verkstæði á Akureyri sem sér um viðgerðarþjónustu fyrir Y.“

IV

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðninni fylgdi reikningur fyrirtækisins B fyrir viðgerðinni að fjárhæð kr. 246.359. Einstaka liðir á reikningnum sýnast þó ekki tilheyrja viðgerð vegna tímareimarinnar, en þar er þó um lítinn kostnað að ræða. Þá fylgdi álitsbeiðninni ljósrit úr smurbók bifreiðarinnar. Kemur þar fram að 10. apríl 2007 hafi verið skipt um olíu o.fl., vegmælir hafi sýnt 101.200 km. og sýnist kvittað fyrir með fangamarkinu GB. Í næstu línu fyrir neðan stendur 101.200 Tímareim, vatnsdæla, spindlar, fóðringar, bremsur. Ekki er kvittað sérstaklega fyrir þessa færslu.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en vitað er að seljandi hefur atvinnu af því að selja bifreiðir

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Óumdeilt er að álitsbeiðandi kvartaði undan galla í samræmi við ákvæði 27. gr. neytendakaupalaga.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreið álitsbeiðanda stendur m.a.: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. . Þá er og sagt að skipt hafi verið um tímareim í bifreiðinni í maí 2007 og hafi bifreiðin þá verið ekin 101.000 km. Eins og fyrr greinir var kaupverð bifreiðarinnar kr. 250.000

Þegar um er að ræða kaup af því tagi sem hér um ræðir falla þau undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu notaðra hluta á almennum markaði eða á uppboði. Í 1. mgr. þeirrar lagagreinar segir m.a.:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. Ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti
- b. Fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c- lið 1. mgr. 16. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

Kærunefndin álitur að það sé ljóst að álitsbeiðandi hafi mátt ætla að tímareimin entist lengur en raun varð á þar sem bifreiðinni hafði ekki verið ekið meira en um 21.000 km og líklegt er að upplýsingar um skipti á tímareim í kaupsamningi og afsali hafi einhver áhrif haft á það að álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni. Þótt miðað sé við að skipt sé um tímareim á þriggja ára fresti, en sá árafjöldi var rétt u.þ.b. liðinn þegar tímareimin gaf sig, þá ætti tímareim undir öllum venjulegum kringum stæðum að endast vel rúmlega þann tíma, sem hún ekki gerði í þessu tilviki. Kærunefndin telur ástæðulaust að ætla að ekki hafi verið skipt um tímareimina eins og skráð er í smurbók bifreiðarinnar og að ekkert bendi til þess að seljandi hafi haft neinn grun um að svo gæti farið með tímareimina sem fór. Hins vegar þykir kærunefndinni ákveðnar líkur benda til þess að ísetning reimarinnar kunni að hafa verið ábótavant en það er með nokkrum ólíkindum að hún skyldi ekki hafa enst lengur þar sem bifreiðinni hafði verið tiltölulega lítið ekið frá skiptunum, enda þótt þrjú ár hafi verið liðin frá þeim. Sé það rétt er slíkt á ábyrgð seljanda. Þótt ekki hafi verið um verðmæta bifreið að ræða er álit kærunefndarinnar engu að síður það að ástand hennar samkvæmt framansögðu hafi verið verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 17. gr. neytendakaupalaga sem rakinn er að framan. Því eigi álitsbeiðandi rétt á nokkrum úrbótum frá seljanda.

Í 1. mgr. 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytenda vegna galla. Segir þar að reynist söluhlutur gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af ástæðum sem hann varðar geti neytandinn:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.

Kærunefndin telur að ekkert sé komið fram um að álitsbeiðandi eigi sök á því hvernig fór með tímareimina. Viðgerðin á bifreiðinni fól í sér miklar endurbætur á vél hennar og voru settir í hana talsvert margir íhlutir í stað þeirra sem eyðilögðust. Má því ætla að vélin sé af þeim sökum í töluvert betra ásigkomulagi en verið hefði þótt tímareimin hefði ekki gefið sig, þ.á.m. nýtt tímareimarsett. Kærunefndin telur að eins og atvikum er háttáð þá séu ekki forsendur fyrir því að ákveða álitsbeiðanda skaðabætur, sbr. e-lið 1. mgr. 26. gr. neytendakaupalaga, sem nemi fullum viðgerðarkostnaði heldur verði að meta þær að álitum og séu þær hæfilega ætlaðar kr. 100.000.

Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir